

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Árný Elíasdóttir

Samvera



Ræðum saman – heima

HANDBÓK FYRIR FORELDRA OG KENNARA



Efnisyfirlit

Ágætu foreldrar og kennarar	2
Námefnið Samvera	3
Almennt markmið	3
Uppörvandi niðurstöður	3
Fram hefur komið hjá foreldrum	4
Mikilvægi samskiptahæfni	5
Tengsl samskiptahæfni barna og unglunga við ýmsa þætti	5
Kröfur um góða samskiptahæfni	6
Heimilið og skólinn	6
RÆÐUM SAMAN – heima	7
Markmið	7
Viðfangsefni	7
Samstarf foreldra og kennara	8
Fróðleiksmoli	8
Ramminn	8
Þankar um samskipti foreldra og barna	9
Andblær heimilis	12
Glíma við ágreiningsmálin	14
Hvernig foreldri er ég?	16
Leiðbeiningar við hvert viðfangsefni	17
Heilræði	17
1. Allir mega. Allir eiga	17
2. Að hjálpast að	19
3. Að kunna að meta	20
4. Að standa við loforð	20
5. Að treysta	21
6. Að segja frá vanda	21
7. Að vera saman	22
Tilvísanir – Almennur hluti handbókar	23
Tilvísanir í nemendahefti	24
Bækur þar sem m.a. er fjallað er um samskipti foreldra og barna ...	24
Efni eininganna	25

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Árný Elíasdóttir

Samvera

Ræðum saman heima



NÁMSGAGNASTOFNUN

05720



Ágætu foreldrar og kennarar

Hvernig getum við sem best búið börnin okkar til að takast á við lífið og hlúð að heill þeirra í samtíð og framtíð? Þessi spurning brennur á okkur foreldrum, kennurum og öðrum uppalendum. Við henni eru margvísleg svör sem ekki eru einhlít. Flest getum við þó trúlega verið sammála um hve farsæl samskipti heima og heiman skipta miklu um líðan og velferð barna og unglunga.

Við getum jafnframt sennilega flest sammælst um hve mikilvægt er að stefna að því að hvert barn, hver unglingur öðlist ríka sjálfsvirðingu og beri virðingu fyrir öðrum nær og fjær. Við viljum að þau geti staðið á sínu, sýnt sjálfstæði og frumkvæði og séu jafnframt umhyggjusöm. Við viljum að þau temji sér samskiptareglur sem byggja á kurteisi, tillitssemi, sáttfýsi og kærleika. Við viljum að þau hafi ríka réttlætiskennd og samlíðan með öðrum. Við viljum að þau skynji að þau hafi tiltekinn rétt í samfélaginu og jafnframt ábyrgð og skyldur við samborgarana.¹ Þessir þroskættir sem birtast í samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og unglunga eflast í samskiptum við félag, vini og fullorðna. Sameiginleg markmið foreldra og kennara hljóta meðal annars að vera að rækta þessa þætti í daglegum samskiptum við börnin og unglunga. Í bókinni *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar* lýsi ég þessari áherslu nánar.

Yfirleitt eru samskipti barna og unglunga ánægjuleg, gefandi og þroskandi. Sama er að segja um samskipti þeirra og fullorðinna. Því miður er þó víða pottur brotinn og verðum við vitni að virðingar- og tillitsleysi í samskiptum. Margir kennarar telja töluvert um hegðunarvandkvæði í bekkjarstarfi.² Eins og fram kemur hér á eftir í pistlinum „Mikilvægi samskiptahæfni“ getur samskiptahæfni barna og unglunga skipt miklu um þá mynd sem þeir hafa af sjálfum sér, sjálfstraust þeirra, líðan, námsgengi og vímuefnaneyslu.

Brýnt er því að heimili og skóli taki höndum saman um að efla samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og unglunga.

Efnið sem við bjóðum hér fram *Ræðum saman – heima* er ætlað að styðja við uppalendur þegar þeir rækta með börnum virðingu og umhyggju og efla með því hæfni þeirra í samskiptum og siðferðiskennd eins og aðalnámskrár skóla kveða á um.³

Námefnið Samvera

Í því skyni að auðvelda foreldrum og kennurum að taka á efni um samskipti með börnunum höfum við Árný Elíasdóttir tekið saman námsefni undir sameiginlega heitinu *Samvera*. Einingarnar eru fjórar:

- Verum vinir
- Verum saman – í frímínútum
- Vinnum saman – í skólastofunni
- Ræðum saman – heima

Miðað er við að þrjár fyrstnefndu einingarnar séu að mestu teknar fyrir í skólastarfinu en sú fjórða *Ræðum saman – heima* sé tekin fyrir í samstarfi heimila og skóla og verður þeirri einingu lýst nánar hér á eftir. (Sjá yfirlit yfir einingar á bls. 25.)

Almennt markmið

námsefnisins *Samvera* og umfjöllunar um það er að efla virðingu barnanna fyrir sjálfum sér og öðrum og styrkja tengsl þeirra og umhyggju hvert fyrir öðru. Litið er á þessi gildi, virðingu og umhyggju, sem leiðarljós þess að efla samskiptahæfni barnanna, tilfinningabroska þeirra og réttlætiskennnd.

Hugsunin með verkefninu er að þessi gildi vísi þeim veginn á lífsbrautinni, þeim sjálfum og samfélaginu til farsældar. Nánari markmið með einingunni *Ræðum saman – heima* koma fram í pistli hér á eftir.

Miðað er við að efnið *Samvera* sé unnið með börnum á aldrinum 7/8–11/12 ára. Mælt er með því að taka fyrir eininguna *Ræðum saman*: Heima eftir að ein til tvær aðrar einingar hafa verið til umfjöllunar í bekkjarstarfinu. Þá hafa börnin öðlast reynslu af að ræða ýmis samskiptamál undir leiðsögn kennara og kemur sú reynsla þeim til góða í samræðum við foreldra.

Uppörvandi niðurstöður

Niðurstöður rannsóknar sem önnur undirritaðra, Sigrún Aðalbjarnardóttir, gerði á framförum barna í samskiptahæfni sem fengu tækifæri til að fjalla markvisst um samskipti í skólastarfi voru afar jákvæðar.⁴ Kennararnir unnu með börnunum í bekkjarstarfinu með viðfangsefni um vináttu, samskipti í frímínútum og í bekkjarstarfi. Þeir tóku jafnframt á ýmsu sem kom upp í daglegum samskiptum.

Framfarir barnanna í samskiptahæfni voru bornar saman við framfarir barna á sama aldri sem ekki fengu sérstaka umfjöllun um samskipti umfram það sem gengur og gerist í venjulegu skólastarfi. Niðurstöður sýndu að börnin sem fengu tækifæri til að fjalla markvisst um samskipti sýndu meiri framfarir í samskiptahæfni en þau sem ekki fengu markvissa umfjöllun.



Framfarir barnanna (8–9 ára og 11–12 ára) einkenndust meðal annars af því að þau áttu auðveldara með að líta á ágreining í samskiptum frá fleiri en einu sjónarhorni, þ.e. þau settu sig oftár í spor beggja sem áttu hlut að máli en þau börn sem ekki fengu slíka umfjöllun í skólafarfi. Þessi niðurstaða kom fram þegar þau tjáðu sig um ágreiningsmál í samskiptum bæði við bekkjarfélaga og kennara (hugsun þeirra var könnuð). Börnin sem fengu sérstaka umfjöllun sýndu einnig meiri framfarir í daglegum samskiptum við bekkjarfélaga (hegðun þeirra var könnuð). Þegar á leið virtust þau ræða málin fremur en rífast, spyrja fremur en skipa og urðu tillitssamari.

Þessar jákvæðu niðurstöður ættu að hvetja uppalendur til að taka markvisst á viðfangsefnum um samskipti og ýmsum ágreiningsmálum með börnunum sem mikilvægum þætti í að hlúa að samskiptahæfni þeirra. Í næsta pistli er einmitt fjallað um hve samskiptahæfni barna og unglinga getur skipt miklu um sjálfsmynd þeirra, líðan, námsgengi og áhættuhegðun.

Fram hefur komið hjá foreldrum

barna sem unnið hafa með efnið *Ræðum saman – heima* að þeim þykir mikill fengur að efninu. Þeir hafa nefnt meðal annars að viðfangsefnin leiði til sjálfskoðunar, þeir fari að skoða sjálfa sig í samskiptum við börn sín og hugi nánar að því hvernig best sé að taka á málum. Þeir hafa einnig nefnt að með efninu gefist tækifæri til að ræða ýmis dagleg mál. Gott sé að ganga út frá öðrum dæmum, eins og þeim sem gefin eru í nemendaefninu, áður en tekið sé á eigin málum; það geri umræðuna afslappaðri. Auk þess hafa foreldrar nefnt hve efnið sé mikilvægt við að þjálfra rökþugsun. Hér séu bæði börn og fullorðnir hvattir til að færa rök fyrir skoðunum sínum. Loks hefur komið fram að viðfangsefni eins og „Allir mega“ og „Allir eiga“ geti hvatt foreldra til að samræma ýmis atriði á milli heimila, svo sem útivist barna.⁵

Ég færi þeim börnum, foreldrum þeirra og kennurum, sem tekið hafa þetta efnið fyrir, bestu þakkir fyrir góðar athugasemdir og hvatningu til að gefa þetta verk út. Þá þökkum við Árný Elíasdóttir Námsgagnastofnun fyrir að standa að útgáfu efnisins í annað sinn. Loks vil ég þakka Árnýju fyrir ánægjulegt og skapandi samstarf nú sem áður fyrr.

Von mín er sú að uppalendur og æska landsins njóti góðs af því verki sem hér er unnið.

*Á sumarmánuðum 2008,
Sigrún Aðalbjarnardóttir*





Mikilvægi samskiptahæfni

Samskipti barna og unglunga eru yfirleitt ánægjuleg, gefandi og þroskandi og sömuleiðis samskipti þeirra og fullorðinna. Margir kennarar telja þó töluvert um hegðunarvandkvæði í bekkjarstarfi.⁶ Fram hefur komið að þeim finnst alltof margir nemendur eiga við ýmiss konar félagslegan og tilfinningalegan vanda að stríða og hafa lítinn sjálfsaga. Sumir nemendur eru kvíðnir og óöruggir og birtist sú vanlíðan að sjálfsögðu í samskiptum þeirra, bæði við kennara og nemendur og kemur niður á einbeitingu þeirra, námsáhuga og námsárangri.⁷

Tengsl samskiptahæfni barna og unglunga við ýmsa þætti

Fram hefur meðal annars komið í erlendum rannsóknum að börn sem eru *árásargjörn* í félagaþópnum hættir til að eiga í erfiðleikum með að aðlagast samfélaginu síðar á lífsleiðinni. Sama á við um börn sem er *hafnað* eða þau *lögð í einelti*. Þau flosna all oft upp frá námi, þau eiga vanda til að sýna andfélagslega hegðun eins og að brjóta lög og þeim hættir til að eiga við sálræn vandkvæði að stríða þegar á unglings- og fullorðinsár er komið.⁸

Einnig hefur komið fram í rannsóknum undirritaðrar, Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, í tengslum við vímuefnaneyslu að þeir 14 ára unglingar sem sýndu árásargirni reyndust líklegri til að hafa reykt og neytt áfengis við 14 ára aldur. Þremur árum síðar, við 17 ára aldur, reyndust þeir einnig líklegri til að reykja að staðaldri, neyta áfengis í óhófi og til að hafa prófað hass og amfetamín, jafnvel þótt þeir hefðu ekki prófað þessi vímuefni 14 ára gamlir.⁹

Í sömu rannsókn komu fram athyglisverðar vísbendingar um mikilvægi góðrar samskiptahæfni unglunga. Þau ungmenni sem sýndu góða samskiptahæfni við 14 ára aldur voru líklegri á næstu árum (við 14, 15 og 17 ára aldur) til að hafa *betra sjálfstraust*, *meiri trú á eigin getu til að hafa áhrif á líf sitt* og til að sýna minni depurð en ungmenni sem bjuggu yfir minni samskiptahæfni við 14 ára aldur. Í tengslum við *vímuefnaneyslu* voru þeir unglingar sem sýndu góða samskiptahæfni við 14 ára aldur jafnframt ólíklegri til að reykja að staðaldri, neyta áfengis í óhófi og til að hafa prófað hass og amfetamín í öll skiptin sem mælingar voru lagðar fyrir, það er við 14, 15, 17 og 21 árs aldur.¹⁰

Ofangreindar niðurstöður minna á hve samskipti barna og unglunga og hæfni þeirra í samskiptum geta skipt miklu um velferð þeirra. Þær minna á hve mikilvægt er fyrir þau að búa yfir góðri hæfni í samskiptum og hve brýnt er að hlúa að þessari hæfni, efla og styrkja.

Kröfur um góða samskiptahæfni

Nútímasamfélag gerir æ meiri kröfur um hæfni fólks í samskiptum. Sem dæmi má taka að fjölskyldulíf er um margt flóknara en áður með vaxandi atvinnuþátttöku beggja foreldra, hærri skilnaðartíðni og auknum kröfum um náð tilfinningasamband. Hér reynir á hæfni í samskiptum.

Með markvissu starfi við að efla samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og unglunga búum við ljóslega jafnframt í haginn fyrir framtíð þeirra á starfsvettvangi. Í fyrirtækjum og stofnunum er víðast hvar lögð áhersla á samvinnu starfsmanna og ýmiss konar teymisvinnu sem reynir á samskiptahæfni þeirra. Einnig skiptir miklu að búa yfir góðri samskiptahæfni í margvíslegum streituvaldandi aðstæðum sem oft skapast á vinnustöðum í hraða samtímans.

Þá erum við með aukinni hnattvæðingu stöðugt minnt á þörfina fyrir að rækta gagnkvæma virðingu fólks og umhyggju hvert fyrir öðru. Flest lönd, þar á meðal Ísland, verða æ fjölmenningarlegri. Fjölmenningsarsamfélag kallar á að fólk kynni sér mismunandi menningu með opnum huga, setji sig hvert í annars spor, umgangist hvert annað af virðingu, umburðarlyndi og umhyggju og komi sér saman um sameiginleg gildi. Í því efni er mikilvægt að efla samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og ungmenna.

Samfélagið kallar í raun á hæfni fólks í samskiptum. Ljóst er því að áriðandi er að leggja strax í æsku góðan grunn að heilbrigðum samskiptum barna og unglunga. Brýnt er að huga að því hvað megi gera til að efla hæfni þeirra í samskiptum og hlúa að virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og öðrum, bæði með þeirra eigin farsæld í huga og heill samfélagsins í nútíð og framtíð.


Fjölskyldan gegnir mér mikilsverðu hlutverki og vafalaust því veigamesta. Aðrar stofnanir þjóðfélagsins koma einnig mjög við sögu, svo sem skólinn sem hefur brýnu hlutverki að gegna í þessu efni.

Í hnotskurn má segja að samfélag okkar kalli á að börn, unglingar og fullorðið fólk sýni ríkari virðingu, tillitssemi og samlíðan með öðrum. Samfélagið kallar á meiri sjálfsaga og samábyrgð; það kallar á hæfni í samskiptum; það kallar á hæfni til að setja sig í spor annarra og til samvinnu, getu til að skoða mál frá ýmsum sjónarhornum og komast að farsælum niðurstöðum í margvíslegum ágreinings- og álitamálum. Brýnt er að við búum börnin og ungmennin mun betur undir 21. öldina í þessu efni en við gerum nú.¹¹

Heimilið og skólinn

verða hér að taka höndum saman. Með námsefninu *Ræðum saman – heima* er stefnt að því að heimili og skóli vinni markvisst saman að því að efla samskiptahæfni barnanna. Það er gert með því að setja fram ýmis viðfangsefni sem eru bæði rædd heima og í skólanum.





RÆÐUM SAMAN – heima

Efnið *Ræðum saman – heima* miðar að því að treysta gagnkvæma virðingu, umhyggju og traust á milli foreldra og barna. Foreldrar og börn þeirra eru meðal annars hvött til að ræða saman um hvernig bregðast megi við þegar leysa þarf ágreining sem verður heima fyrir. Jafnframt eru þau hvött til að huga að ýmsum jákvæðum þáttum í samskiptum sínum.

Markmið

- Að stuðla að gagnkvæmri virðingu og umhyggju, tillitssemi og trausti í samskiptum foreldra og barna.
- Að hvetja börn og foreldra til að setja sig í spor hvors/hvers annars í ýmsum aðstæðum heima fyrir.
- Að hvetja börn og foreldra til að ræða ýmsa daglega árekstra á heimilinu og leysa ágreining á farsælan hátt.
- Að hvetja börn og foreldra til að huga að jákvæðum þáttum í fari hvors/ hvers annars til að efla jákvæða sjálfsmynd þeirra.
- Að hvetja börn og foreldra til að huga að gildi notalegra samskipta heima fyrir.

Viðfangsefni

Til að ná fram ofangreindum markmiðum eru viðfangsefnin þessi:

1. Allir mega. Allir eiga
2. Að hjálpast að
3. Að kunna að meta
4. Að standa við loforð
5. Að treysta
6. Að segja frá vanda
7. Að vera saman



Samstarf foreldra og kennara

Af framansögðu má vera ljóst að samstarf foreldra og kennara er mikilvægt þegar unnið er með þessa einingu. **Nauðsynlegt** er að kennari kynni efnið og markmið þess fyrir foreldrum áður en siglt er af stað. Á slíkum fundi er heppilegt að taka dæmi um hvernig má vinna með efnið og sérstök áhersla lögð á hvernig umræður geta farið fram (sjá hér á eftir kaflann „Glíman við ágreiningsmálin“). Eins og getið var hér að framan er heppilegt að kennari hafi þegar unnið eina til tvær einingar með börnunum áður en þessi eining er tekin fyrir. Börnin hafa þá þjálfast í umræðuaðferðinni og það léttir róður foreldra.

Fróðleiksmoli

Hér á eftir fara nokkrir punktar um samskipti foreldra og barna til umhugsunar fyrir uppaldur. Megináhersla er lögð á að greina á milli nokkurra tegunda uppeldisaðferða foreldra og skoða þær í tengslum við ýmsa þroskapætti barna og unglunga, námsgengi þeirra og áhættuhegðun. Umfjöllunin byggist að mestu á greinaskrifum Sigrúnar Aðalbjarnardóttur um rannsóknir hennar á þessu sviði. Vísað er í þessi skrif jafnóðum til að lesandinn geti leitað sér nánari upplýsinga ef hann kys svo.

Ramminn

Þegar ég var rétt innan við tvítugt var mér sögð saga, saga af samskiptum tveggja mæðra og barna í strætisvagni. Mæðurnar tvær koma fram á afar ólíkan hátt við börn sín þegar þau ólátast í vagninum. Önnur skammar barnið án þess að gefa því nokkrar skýringar á því hvers vegna það eigi að hætta að ólmast: „Þú átt að hætta af því að ég segi það.“ Hin móðirin skammast líka en gefur barninu ýmsar skýringar á því hvers vegna rétt sé að hætta ólátunum: „Ég vil að þú hættir vegna þess að þú getur dottið og meitt þig.“ „Ég vil að þú hættir vegna þess að þú truflar aðra í vagninum.“ Móðirin í fyrra dæminu vísar til **valds**, hún **skipar**. Móðirin í síðara dæminu höfðar til rökhugsunar um afeiðingar gjörða, hún **leiðir**.

Mér þykir sérstaklega vænt um þessa einföldu sögu. Hún hefur ávallt fylgt mér í samskiptum við börn og unglunga fyrir það hversu lýsandi, skýr, umhugsunarverð og leiðbeinandi hún er. Boðskapurinn er að skýra út í stað þess að **skammast**, að **ræða** í stað þess að **rífast**, að **örva** hugsun í stað þess að **drottna**.

Sagan myndar ramma um þá umræðu sem hér fer á eftir. Fyrst verður velt vöngum yfir niðurstöðum nokkurra athyglisverðra rannsókna sem gerðar hafa verið á samskiptum uppaldna og barna og síðan verður hugað að því hvernig taka megji á daglegum ágreiningsmálum í samskiptum við börn og unglunga.¹²

Þankar um samskipti foreldra og barna

Ýmsir hafa kannað samspil uppeldisaðferða foreldra og þroska barna þeirra. Margir hafa þar stuðst við kenningar dr. Diönu Baumrind sem vakið hefur mikla athygli vegna rannsókna sinna.¹³ Bæði hún og þeir sem fetað hafa í fótspor hennar hafa flokkað uppeldisaðferðir foreldra í nokkra flokka, meðal annars í leiðandi, eftirlátar, skipandi og afskiptalausar uppeldisaðferðir.

Við þá flokkun í uppeldisaðferðir foreldra hafa einkum fjórir þættir verið dregnir fram:¹⁴

- hvernig foreldrar stjórna barni sínu,
- hvers konar þroskacröfur, félagslegar, tilfinningalegar og vitsmunalegar, foreldrar gera til barns síns,
- hvernig foreldrar nota skýringar í samskiptum við börnin
- hvort hlýja og hvatning einkenna samskiptin.

Leiðandi foreldrar eru hvetjandi, styðjandi og hlýir í samskiptum sínum við barn sitt. Þeir gera kröfu um þroskaða hegðun þess og taka vel á móti hugmyndum þess. Þeir leggja áherslu á samræður um hin ýmsu efni þar sem sjónarmið bæði barnsins eða unglingsins og hins fullorðna koma fram. Þeir setja skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki með því að útskýra afleiðingar gjörða og hvetja börnin til að skýra út sjónarmið sín, t.d. við að setja reglur.

Eftirlátir foreldrar bregðast vel við hugmyndum barna sinna, leyfa töluverða sjálfstjórn og sýna þeim hlýju svipað og leiðandi foreldrar. Aftur á móti setja þeir börnunum ekki skýr mörk. Þeir eru undanlátssamir og forðast beina árekstra.

Skipandi foreldrar stjórna börnunum með boðum og bönnum og refsa þeim fyrir misgjörðir. Reglur eru skýrar. Þeir vænta þess að skipunum þeirra sé hlýtt án útskýringa. Þeir nota því sjaldan röksemdir og sýna börnunum litla hlýju og uppörvun.

Afskiptalausir foreldrar ala börnin upp í stjórnleysi, setja ekki mörk og gera ekki kröfur til þeirra. Þeir bregðast ekki við hugmyndum þeirra og veita þeim ekki stuðning.

Strax í fyrstu rannsóknum Baumrinds á sjálfsaga, sjálfstæði, sjálfstrausti og samskiptum leikskóla-barna kom fram að börn leiðandi foreldra virtust best sett. Börn þeirra reyndust almennt afar virk og þroskuð börn. Þau sýndu mikið sjálfstæði, mikinn sjálfsaga og höfðu tiltrú á sjálfum sér. Auk þess voru þau vingjarnleg og samvinnufús. Börn skipandi foreldra reyndust hafa nokkra trú á sjálfum sér en voru bæld og vansæl. Þau virtust einnig fremur óvinveitt, tortryggin og vantreystu öðrum. Börn afskiptalausra foreldra höfðu minnsta tiltrú á sjálfum sér, sýndu skort á sjálfsaga og voru árás-argjörn. Margar erlendar rannsóknir á þroska barna og unglunga benda til svipaðra niðurstaðna.¹⁵

Hverfum hingað heim um stund. Í rannsóknum mínum hef ég stuðst við ofangreinda flokkun á uppeldisaðferðum foreldra sem byggjast á kenningum Baumrinds. Þar hef ég skoðað hvernig uppeldisaðferðir foreldra geta tengst þroska barna þeirra, líðan og hegðun. Uppeldisaðferðir foreldra eru athugaðar við 14 ára aldur unglunganna en þroski þeirra, líðan, áhættuhegðun og náms-





gengi ýmist við 14, 15, 17 og/eða 22 ára aldur. Allt eru þetta þættir sem tengjast velferð ungs fólks. Niðurstöður eru eftirfarandi:

Samskiptahæfni. *Unglingar leiðandi foreldra* sýndu almennt *meiri samskiptahæfni* en aðrir unglingar. Nánar tiltekið sýndu þeir unglingar sem töldu sig búa við leiðandi uppeldisaðferðir foreldra sinna við 14 ára aldur, meiri samskiptahæfni en unglingar eftirlátra, skipandi og afskiptalausra foreldra. Þeir settu þeir sig oftar í spor annarra og huguðu í ríkari mæli að mismunandi sjónarmiðum aðila sem hlut áttu að máli. Þeir greindu sjónarmiðin oftar að og samræmdu þau til dæmis í ágreiningsmálum.

Þegar horft var fram í tímann til 17 ára aldurs kom jafnframt í ljós að unglingar sem töldu foreldra sína leiðandi við 14 ára aldur og eins þeir sem töldu foreldra sína eftirláta á þeim aldri sýndu meiri samskiptahæfni við 17 ára aldur en unglingar sem töldu foreldra sína afskiptalaus.¹⁶

Sjálfsraust. *Unglingar leiðandi foreldra* sýndu betra sjálfsraust en aðrir unglingar bæði við 14 ára aldur og eins þegar litið var rúm sjö ár fram í tímann þegar flest þeirra höfðu náð 22 ára aldri.¹⁷ Með öðrum orðum, virtust þeir unglingar hafa gott sjálfsraust sem töldu foreldrana hvetja þá til að láta í ljós hugmyndir sínar og tilfinningar (viðurkenning); jafnt sem þeir treystu á stuðning foreldra sinna og vörðu mörgum stundum með þeim (samheldni). Aftur á móti reyndust þeir 14 ára unglingar hafa lakasta sjálfsraustið sem fannst foreldrarnir gera lítið úr hugmyndum þeirra og skoðunum (sálræn stjórnun), jafnt sem þeim fannst þeir fá lítinn stuðning foreldra og njóta fárra samverustunda með þeim (lítill samheldni). Nánar tiltekið felur sálræn stjórnun foreldra í sér þrýsting á börnin, unglingana og taka þeir lítt tillit til tilfinningalegra þarfa barna sinna og þarfa þeirra við að byggja upp heilsteypa og jákvæða sjálfsmynd.¹⁸

Rúmum sjö árum síðar, við 21 árs aldur, kom mikilvægi viðurkenningar foreldra jafnvel enn sterkar fram. Það unga fólk, sem taldi sig búa við viðurkenningu foreldra sinna við 14 ára aldur hafði besta sjálfsraustið við 21 árs aldur. Jafnframt reyndist það unga fólk, sem skynjaði sálræna stjórnun foreldra við 14 ára aldur hafa lakasta sjálfsraustið við 21 árs aldur. Viðurkenning foreldra og andstæða hennar, sálræn stjórnun, getur því sagt fyrir um sjálfsraust ungs fólks á 22. aldursári.

Depurð. Svipaðar niðurstöður komu fram í tengslum við depurð.¹⁹ Unglingar *leiðandi foreldra* sýndu minni depurð en aðrir unglingar bæði við 14 ára aldur og eins þegar litið var rúm sjö ár fram í tímann. Þau ungmenni sem töldu sig búa við *viðurkenningu foreldra og mikla samheldni* við 14 ára aldur höfðu minnstu depurðareinkennin á þeim aldri. Aftur á móti reyndust þau ungmenni sem töldu sig búa við *sálræna stjórnun foreldra og litla samheldni* við 14 ára aldur hafa mestu depurðareinkennin á þessum aldri. Sjö árum síðar við 21 árs aldur kom enn fram að það unga fólk, sem taldi sig búa við viðurkenningu foreldra sinna við 14 ára aldur, hafði minnstu depurðareinkennin við 21 árs aldur. Jafnframt reyndist það unga fólk, sem skynjaði sálræna stjórnun foreldra við 14 ára aldur, hafa mestu depurðareinkennin við 21 árs aldur.

Vímuefnaneysla. Unglingar *leiðandi foreldra* virðast almennt síður taka þá áhættu að neyta tóbaks, áfengis og ólöglegra vímuefna (hass og amfetamíns) en unglingar sem búa við aðrar uppeldis-

aðferðir.²⁰ Þessi niðurstaða kom fram við 14 ára aldur í tengslum við tóbaks- og áfengisneyslu unglingsanna. Jafnframt kom þessi niðurstaða fram við 17 ára aldur, þegar spáð var fyrir um neyslu þeirra bæði á löglegum og ólöglegum vímuefnum.

Niðurstöðurnar benda einnig til þess að þótt foreldrum sem nota *eftirlátar* uppeldisaðferðir takist þokkalega að halda unglingsárinum frá áfengisneyslu og reyndar einnig tóbaksreykingum á fyrri hluta unglingsáranna (14 ára) neytti hátt hlutfall þeirra við 17 ára aldur mikils magns áfengis í hvert sinn sem þeir drukku. Einnig er eftirtektarvert að svipað hlutfall unglings *eftirláttra* foreldra hafði prófað hass við 17 ára aldur og hlutfall unglings sem býr við *afskiptalausar* uppeldisaðferðir.

Þá kom fram að þótt foreldrum sem nota *skipandi* uppeldisaðferðir takist þokkalega að vernda unglingsárin gegn hass- og amfetamínneyslu við 17 ára aldur voru þeir unglingslíklegri til að reykja sigarettur og neyta áfengis við 14 ára aldur en unglingslíklegri foreldra *leiðandi*. Ein skýring gæti verið að skipandi uppeldisaðferðir geti alið á mótþróa unglingsanna.

Varla þarf að taka fram að ekki er tryggt að barnið forðist tóbak, áfengi og ólögleg vímuefni þótt það búi við *leiðandi* uppeldisaðferðir. Vímuefnaneysla og önnur áhættuhegðun unglings er afleiðing flókens samspils margra þátta, meðal annars þykir sýnt að erfðir skipti máli.

Námshæfni. Þeir unglingslíklegri (14 ára) sem töldu sig búa við *leiðandi* uppeldisaðferðir foreldra sinna sýndu bestan námsárangur á samræmdum prófum ári síðar í 10. bekk bæði í íslensku og stærðfræði en aðrir unglingslíklegri.²¹ Þá eru þau ungmenni sem telja sig búa við *leiðandi* uppeldishætti líklegri til að hafa lokið framhaldsskóla við 21 árs aldur en ungmenni sem búa við aðrar uppeldisaðferðir foreldra.²²

Ofangreindar niðurstöður eru athyglisverðar um margt fyrir uppalendur. Að sjálfsgöðu gefa þær ekki einhlít svör heldur vísbendingar um gott uppeldi. Í fyrsta lagi má nefna, ef bornar eru saman uppeldisaðferðir **leiðandi foreldra og skipandi foreldra**, að niðurstöðurnar ættu að hvetja stranga foreldra, sem stjórna börnum sínum með boðum og bönnum til að nota frekar þá aðferð að skýra út fyrir barninu hvað því sé fyrir bestu. Þeir fá vísbendingu um að vænlegri leið en valdboðið sé að leita eftir sjónarmiðum barnanna, fá þau til að skýra afstöðu sína og taka þannig ákvörðun sameiginlega. Þeir fá einnig ábendingu um mikilvægi þess að sýna börnunum hlýju og virðingu.

Önnur niðurstaða sem kemur ef til vill fleiri íslenskum foreldrum á óvart en hin fyrri, er sú hversu mikið skortir á að börn sem eru alin upp í miklu frjálshætti séu sjálfstæð, hafi gott sjálfstraust og þekki sín mörk. Svo virðist vera sem tengsl séu á milli frjálshættis, eftirlætis, umburðarlyndis, stjórnsleysis eða afskiptaleysis foreldra, hvert svo sem réttnefnið er, og þess að börnin eigi ekki auðvelt með að setja sér mörk. Talið er að það sé vegna óskýrra leiðbeininga foreldra þar sem börnin eiga erfitt með að greina hvað er viðeigandi og hvað ekki.

Í daglegu tali heyrir oft gumað af því hve sjálfstæð æskan á Íslandi sé. Hún sé alin upp í frjálshætti og hafi gott af því að sjá um sig sjálf. Vissulega má alltaf finna dæmi um börn og unglingslíklegri sem sýna dugnað og þrautseigju þótt þeir búi við afskiptaleysi eða stjórnsleysi en með auknum agavanda-





málum og jafnvel ofbeldi eru þó margir farnir að setja spurningarmerki við ágæti þessa frjálsræðis íslenskra barna og unglunga. Við erum farin að efast um að frjálsræðið skili sér einatt í sjálfstæðari og þroskaðri æsku.

Því má velta fyrir sér hvort foreldrar séu ekki í raun að firra sig ábyrgð á uppeldi með því að vera of eftirlátir og jafnvel afskiptalausir um það sem börn þeirra taka sér fyrir hendur. Eru þeir ekki að leiða hjá sér að taka ákvarðanir með börnunum og unglingunum um hvar eðlilegast sé að setja mörkin? Í sumum tilfellum er sennilega um að ræða afskiptaleysi foreldra; í öðrum tilfellum frekar uppgjöf eða óöryggi um hvernig best sé að taka á málum.

Við sjáum þessa uppgjöf gjarnan á því að foreldrar láta undan þrýstingi barna sinna þegar þau vísa til þess hvað öðrum börnum leyfist, t.d. í tengslum við útivist þeirra og fatakaup. Sumir virðast ekki þora eða leggja það á sig að ræða við börn sín um hvar setja skuli mörkin. Foreldrar mega ekki víkja sér undan þessari ábyrgð. Grunnur samskipta, sjálfsaga og sjálfsábyrgðar er lagður á heimilunum og þar þarf að halda uppbyggingunni áfram. Þótt skólinn sé mikilvægur við að efla sjálfsaga og sjálfsábyrgð og hlúa að samskiptahæfni barna er hér um að ræða mál sem heimilin verða að taka á af festu. Ekki er hægt að ætlast til að kennarinn sem vinnur með svo mörgum börnum í senn aðeins nokkrar stundir á dag geti tekið þetta hlutverk einhliða að sér. Að sjálf, sögðu er þó mikilvægt að heimilin og skólinn vinni hér saman og má hvorugur aðili skjóta sér undan ábyrgð.

Hér hefur verið gerður greinarmunur á ferns konar uppeldisaðferðum, samskipti við börn sem einkennast af því að foreldrar eru **leiðandi, skipandi, eftirlátir eða afskiptalausir**. Slík skipting er ekki einhlít og því er hún aðeins ein þeirra leiða sem hafa verið farnar til að kanna samspil uppeldisaðferða og þroska barna. Flestir foreldrar nota eflaust allar þessar uppeldisaðferðir að einhverju marki. Einnig er líklegt að þeir noti mismunandi aðferðir eftir því hvert barnið er. Skaphöfn barns hefur áhrif á viðbrögð uppalandans á sama hátt og skaphöfn uppalandans hefur áhrif á barnið. Engu að síður er þessi skipting mikilvæg sem leiðarvísir. Samskipti foreldra og barna sem einkennast af rökræðum, samvinnu og hlýju eru líklegri til að efla félagsþroska barnanna, sjálfstraust þeirra og trú á eigin getu til að hafa áhrif á líf sitt en þau samskipti sem einkennast af valdboði foreldra, eftirlæti eða afskiptaleysi. Slík samskipti auka einnig líkur á góðu námsgengi og minnka líkur á óhóflegri vímuefnaneyslu. Hvorki boð og bönn skipandi foreldra né afskiptaleysi eru vænlegar leiðir til að byggja upp traust og gagnkvæma virðingu í samskiptum.

Andblær heimilis²³

Áhrif uppeldis mótast af mörgu, til dæmis þeim andblæ sem ríkir kringum barnið, einkum á heimili þess.

Með velferð barnsins í huga er æskilegt að andblær heimilis einkennist af ástúð og reglu. Andblær ástúðar felur í sér að barnið fær tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, svo sem gleði, fögnuð, vonbrigði og sárindi. Þá lærir það og að skilja og beina í eðlilegan farveg tilfinningum sem oft er erfitt að fara vel með, eins og reiði, ótta, kvíða og sektarkennd. Ekki er ráðlegt að foreldrar deili með börnum

sínum litrófi allra tilfinninga sem upp kunna að koma í dagsins önn, heldur reyni að rata hinn gullna meðalveg við að veita börnunum tækifæri til að upplifa tilfinningar og vinna úr þeim.

Andblær ástúðar einkennist einnig af því að foreldrar aðstoða börnin við að taka ákvarðanir, hjálpa þeim við að finna rök með og á móti ákveðnu máli og taka afstöðu. Þá er ekki verið að mælast til þess að foreldri taki ákvörðunina fyrir barnið eða unglínginn heldur kenni þeim leiðir til þess og séu til staðar þegar á þarf að halda. Andblær ástúðar felur í sér að hvert barn er viðurkennt á eigin forsendum. Börn eru um margt ólík, jafnt vitsmunalega, félagslega og tilfinningalega, og ekki er hægt að búast við að öll börn hegði sér eins.

Auk þess einkennist andblær ástúðar af því að foreldrar láta barnið finna að þeim þykir vænt um það, njóta þess að vera með því og bera umhyggju fyrir því. Snerting segir oft meira en orð. Loks einkennist andblær ástúðar af því að foreldrar láta barn finna að það tilheyrir fjölskyldunni, sé virkur meðlimur hennar í leik og starfi. Samveran með börnunum er mikilvæg í því efni, að lesa fyrir þau meðan þau eru ung, vinna að sérstökum verkefnum með þeim, fara í sund, á skíði, á íþróttaleiki eða annað þess háttar. Stuðla má að slíkri tilfinningu með því að fjölskyldan taki ákvarðanir sameiginlega, til dæmis hvert skuli fara í ferðalag og hvernig skuli spara í heimilisrekstri. Barn sem ekki finnst það tilheyra fjölskyldu sinni verður öryggislaust í síbreytilegum og ógnandi heimi.

Andblær heimilis sem einkennist af reglu felur í sér mikilvægi þess að fjölskyldumeðlimir komi sér saman um skipulag eða reglur. Slíkt fyrirkomulag auðveldar samkomulag og umgegni. Hver og einn veit hvers er vænst af honum, hvað má og hvað ekki. Þannig er um leið stuðlað að því að barnið beri ábyrgð á gerðum sínum. Ljósar væntingar, leiðbeiningar og uppörvun eru hér lykilaatriði. Mikilvægt er að benda á að ekki er átt við „skipandi uppeldishætti“, þar sem þeir fullorðnu setja reglur og fylgja þeim eftir með boðum og bönnum. Hér er átt við að þótt hinn fullorðni eigi frumkvæðið að því að setja reglur, taki hann tillit til skoðana barnanna. Með slíkum aðferðum er talið að ábyrgð barnsins á eigin gerðum aukist.

Einn þáttur í reglusemi af þessu tagi er að börn hafi ákveðin verk með höndum á heimilinu. Talið er að ábyrgðartilfinning þeirra aukist við það. Hér er að sjálfsgöðu ekki átt við líkamlega vinnubrýði í þeim anda sem börn máttu þola áður fyrr. Hér er heldur ekki átt við andlega vinnubrýði sem felst til dæmis í því að sex ára barn gæti yngri systkina á meðan foreldrar eru við vinnu, eins og dæmi eru til um.

Þótt mikilvægt sé að gefa börnunum vængi til að fljúga úr hreiðrinu er ekki síður mikilvægt að hlúa að rótunum, eða eins og enska máltækið segir:

Tvær varanlegar gjafir getum við fært börnum okkar:

önnur er rætur,

hin er vængir.





Glíman við ágreiningsmálin

Eitt af því sem foreldrar og börn þeirra glíma við svo til á hverjum degi er að leysa ágreining. Ólík sjónarmið valda oft deilum. Sem uppalendur vitum við oft ekki hvernig best er að bregðast við. Trúlega grípum við gjarnan til aðferðarinnar sem fyrri móðirin í strætisvagnadæminu notaði, þ.e. við skömmumst: „Hættu þessu“, „láttu ekki svona fíflalega“, „þú ferð ekki fet út“. Okkur hættir til að vera „skipandi“ foreldrar. Spurningin er hvernig við getum hvatt til og þjálfað bæði þau og okkur í að leysa ágreining í þeim anda sem seinni móðirin í strætisvagnadæminu notaði. Hvernig getum við markvisst leitast við að vera „leiðandi“ foreldrar? Hvernig getum við stuðlað að því að þeir sem eiga hlut að máli setji sig hver í annars spor, skoði ágreininginn frá mismunandi sjónarhornum og leggi sig fram um komast að samkomulagi um lausn vandans?

Af framansögðu má vera ljóst að **samræður foreldra og barna** eru hér efstar á blaði. Fátt er þroska-vænlegra en samræður. Aðferðir til að leiða slíkar samræður eru að sjálfsögðu margvíslegar og verður bent á eina slíka. Sú leið felur í sér að tiltekna spurningar eru lagðar til grundvallar í um-ræðunni. Þær þjóna því hlutverki að fá fram ólík sjónarmið og hugmyndir um líðan og sanngirni þeirra sem eiga hlut að máli og finna lausn á vandanum. Þessar lykilsurningar má kalla þrepin 4. Þau eru:

1. þrep: Skilgreining vandans

Hvað er að? (eða) **Hver er vandinn?** (eða): **Hvað gerðist?**

Af hverju var það vandi/vandamál?

Þetta fyrsta skref felst í því að reyna að er skilgreina vandann, kanna hvað að er áður en lengra er haldið. Spurningin hefur reynst afar vel að því leyti að þeir sem hlut eiga að máli staldra aðeins við, skoða hvað að er, róast (ef um er að ræða atvik úr daglegu lífi þeirra). Mikilvægt er að leita eftir rökum fyrir því hvers vegna þetta er vandamál (sbr. spurningin: Af hverju er þetta vandi?). Þannig fást fram ólík sjónarmið. Barnið eða unglingurinn lýsir vandanum og skýrir hann frá sinni hlið. Hinn fullorðni gerir slíkt hið sama. Að því búnu er spurt:

2. þrep: Líðan

Hvernig líður þér út af þessu?

Af hverju líður þér þannig?

Mér (foreldri) líður ... vegna þess að ...

Eða ef unnið er út frá sögum eða stuttum klípusögum eins og þeim sem eru í nemendaheftinu *Ræðum saman – heima*:

Hvernig líður [... nafn aðalpersónu]? Hvers vegna?

Hvernig líður [... nafn aukapersónu]? Hvers vegna?

Þessum spurningum er ætlað að fá þá sem hlut eiga að máli að gera sér grein fyrir hvor annars líðan (eða sögupersóna). Þannig er ýtt undir að málsaðilar setji sig hvor í hins spor, sýni skilning á og taki tillit til tilfinninga hins.

Hér gefst einnig oft tækifæri til að hvetja þá sem hlut eiga að máli til að ræða hvort athöfnin, krafan eða beiðnin sé sanngjörn:

Finnst þér sanngjarnt/rétt að ...?

Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

3. þrep: Leiðir

Hvernig getum við leyst vandann ...?

Af hverju væri það góð leið? (Hver leið er rökstudd)

Eða ef unnið er út frá sögum eða stuttum klípusögum eins og eru í nemendaheftinu *Ræðum saman – heima*:

Hvað getur (aðalpersóna) gert?

Af hverju er það góð leið?

Með spurningum sem þessum er hugað að ýmsum leiðum til að leysa vanda. Málsaðilar nefna margvíslegar leiðir og rökstyðja tillögur sínar.

4. þrep: Besta leiðin

Hver er besta leiðin til að leysa vandann? Hvers vegna?

Þessum spurningum er ætlað að finna vænlegustu lausnina og ræða afleiðingar hennar. Til að huga nánar að afleiðingum þeirrar leiðar sem valin er má jafnframt spyrja:

Hvernig líður ... (aðalpersónu) ef það er gert? Hvers vegna?

Hvernig líður (aukapersónu) ef það er gert? Hvers vegna?

Og loks: **Hvernig getum við vitað að vandinn sé leystur?**

Hentugt er að skrá eftirfarandi stikkorð á spjald til leiðbeiningar fyrir bæði börnin og foreldrana í umræðunni:

1. Vandinn
2. Líðan
3. Leiðir til að leysa vandann
4. Besta leiðin

Þrepin fela því í sér að þeir sem hlut eiga að máli gera sér grein fyrir vandanum, huga hvor að annars líðan, tjá sanngirni málsaðila, finna leiðir til að leysa vandann og koma sér saman um bestu leiðina. Að sjálfsögðu gengur misjafnlega að koma sér saman um lausn og fer það eftir ýmsum aðstæðum, ágreiningsefni og vilja til að komast að samkomulagi.

Þrepin fjögur eiga að þjóna því hlutverki að fá viðkomandi til að hinkra við og hugsa málið áður en það fer í hnút, þá fullorðnu áður en þeir byrja á að ávíta, skammast, rífast sem kemur börnum þeirra oft einungis í varnarstöðu; börnin og unglíngana til að fá tækifæri til að skoða málin í víðara samhengi í stað þess að einblína einungis á eigin afstöðu.



Í samræðunum við börnin er mikilvægt að taka vel á móti hugmyndum þeirra, dæma ekki svör þeirra sem rétt eða röng. Einnig er mikilvægt að umræðurnar standi ekki of lengi. Heppilegt er að miða við um 15–20 mínútur og hætta áður en börnin verða þreytt þar sem erfitt getur reynst að fá þau til að ræða málin aftur ef við þreytum þau um of.

Hvernig foreldri er ég?

Hér koma nokkrar spurningar sem uppalandinn getur spurt sig og skoðað þannig sjálfan sig í samskiptum við barn sitt. Alltaf er hægt að bæta sig í uppeldishlutverkinu og ein leiðin til þess er að skoða sjálfan sig í því hlutverki.

Hver hinna fjögurra samskiptahátta (leiðandi, eftirlátra, skipandi eða afskiptalausra) lýsir best þeim aðferðum sem ég nota í samskiptum við börn og unglinga?

- Geri ég mér far um að hlusta á börnin, ræða við þau, sýna þeim hlýju og virðingu?
- Hvernig laða ég fram sjónarmið barnanna?
- Hvernig læt ég sjónarmið mitt í ljós? Sýni ég t.d. vald mitt með fyrirskipun, um eða skýri ég mál mitt?
- Hvernig stuðla ég að því að börnin taki tillit til annarra?

*Æskan er eins og tré.
Hún þarf að geta skotið rötum,
fengið næringu,
hlýju og uppörvun,
til að geta vaxið,
borið lauf,
blómgast og breitt úr sér.*

Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1990.²⁴





Leiðbeiningar við hvert viðfangsefni

Hér í upphafi skal tekið fram að þótt gefin séu dæmi í námsefninu um viðfangsefni sem foreldrar og kennarar geta unnið með börnunum er afar mikilvægt að taka fyrir með þeim ýmis atvik eða árekstra sem koma fyrir í daglegu lífi og vinna með þá. Í því efni er mikilvægt að styðjast við lykilsurningarnar sem getið er í kaflanum „Glíman við ágreiningsmálin“ hér að framan, bls. 14. Á þann hátt er markvisst unnið að því að efla samskiptahæfni barnanna og hlúa að bættum samskiptum.

Velja má þau viðfangsefni í nemendaefninu sem höfða best til foreldra og barnanna. Engin nauðsyn er á að taka þau öll fyrir. Þess skal getið að reynt var að taka til þátta sem gerast á flestum heimilum óháð búsetu til sjávar og sveita. Þó má finna dæmi (t.d. barn hefur lofað foreldri að fara út í búð eftir skóla) sem á einkum við um þéttbýli. Ef foreldrum finnst dæmin ekki tengjast reynsluheimi þeirra og barnanna nægilega vel eru þeir hvattir til að finna hliðstæð dæmi úr eigin reynslu með hliðsjón af tilgangi viðfangsefnisins.

Einnig skal bent á að við hvert viðfangsefni er gerð tillaga um hvort foreldri og/eða kennari vinni það með börnunum, sem er þó engan veginn bindandi. Vel hefur gefist að taka efnið nokkuð þétt til umfjöllunar í afmarkaðan tíma, t.d. í 5–6 vikur.

Heilræði

Efnið hefst á nokkrum heilræðum til umhugsunar (sjá bls. 2 í nemendabók). Heppilegt er að kennari taki hvert þeirra fyrir, kanni skilning barnanna og útskýri. Hvert barnanna velur sér heilræði eða semur nýtt sem það gerir að sínu.

1. Allir mega. Allir eiga

Flestir foreldrar kannast við kröfur barna sinna um að fá tiltekna hluti eða leyfi fyrir einhverju með því að vísa til þess að „allir aðrir krakkar“ fái heimild foreldra sinna.

Tilgangur viðfangsefnanna „Allir mega“ og „Allir eiga“ er að auðvelda foreldrum og börnunum að ræða slík mál og reyna að finna lausn á vandanum. Vonast er til að þessi reynsla nýtist svo þegar foreldrar taka á svipuðum vanda heima fyrir í samskiptum sínum við börnin.



Allir mega

Foreldrar og börn ræða

Oft eigum við auðveldara með að skoða málin og sjá fleiri lausnir þegar um er að ræða aðra en okkur sjálf. Í þessu ljósi eru sögurnar í nemendaefninu settar fram. Flestir foreldrar kannast við viðbrögð sonarins í sögu nemendabókar „Allir mega“ á bls. 3: „En pabbi, það fá allir að vera lengur.“

Í samræðunum við börnin er mikilvægt að styðjast við spurningarnar sem fylgja sögunni til að leiða umræðuna og fá fram ólík sjónarhorn. Síðan má athuga eigin reynslu, hvort eitthvað þessu líkt komi fyrir heima hjá þeim og ræða hvernig megi leysa þann vanda ef hann er fyrir hendi. Á sama hátt má taka fyrir eftirfarandi sögu:

Dóru langar mikið til að fá að vera lengur hjá vinkonu sinni. Hún fer til mömmu. „Mamma, allir krakkarnir í bekknum fá að vaka lengur en ég. Má ég það ekki líka?“ „Dóra mín,“ svarar mamma. „við höfum rætt þetta áður.“ „En mamma:“ segir Dóra. „Það fá allir að vaka lengur en ég. Mig langar svo til þess líka.“

Kennari og börnin ræða

Börnin skrá svör sín við eftirfarandi spurningu kennarans á miða:

- Nú skulum við hugsa okkur að ykkur langi mjög mikið til einhvers, t.d. að horfa á mynd sem er bönnuð börnum eða vera lengur en þið megið úti á kvöldin. Hvernig farið þið að? Hvað gerið þið til að fá ykkar fram við foreldrana?

Miðarnir eru nafnlausir og límdir á stóra pappírsörk sem hefur verið hengd upp í skólastofunni. Svör barnanna eru svo lesin og rætt um hvort aðferðir þeirra eru sanngjarnar gagnvart foreldrunum. Leitast er við að fá fram ýmsar hliðar málsins. Reynslan sýnir að sum barnanna fara að velta því alvarlega fyrir sér hvernig þau koma fram við foreldra sína þegar þau vilja fá sínu framgengt og koma gjarnan með athugasemdir um það næstu daga.

Allir eiga

Foreldrar og börn ræða

Sagan á bls. 4 í nemendabók tekur aftur á máli sem flestir foreldrar þekkja. Börnin segja oft: „Það eiga allir svona nema ég.“

Í samræðunum við börnin þarf að gæta þess vel að láta sem flest sjónarmið koma fram og taka vel á móti hugmyndum þeirra um lausn. T.d. gæti taska dótturinnar verið slitin, hún gæti þó verið sem ný. Foreldrarnir hefðu e.t.v. ekki efni á að kaupa nýja tösku, hún gæti sjálf átt aura fyrir töskunni, hægt væri að kaupa eitthvað annað ódýrara sem hana vanhagaði mjög um o.s.frv.

Kennari og börnin ræða

Kennari getur byrjað á að segja börnunum stutta sögu um krakka í skóla einum sem suðuðu mikið í foreldrum sínum um að **fá** allt eins. Að lokum var allt sem þau áttu orðið eins: dótið, fötin, maturinn, heimilið o.s.frv. Í framhaldi af þessu má biðja börnin að skrá (eða teikna) hvert og eitt á blað framhald setningarinnar:

- Ef allir ættu allt eins þá ...

Miðarnir eru klipptir til, lesnir upp og efni þeirra rætt. Líma má miðana jafnóðum á blað sem hengt er upp í stofunni til að halda upplýsingunum til haga og auðvelda umræðu. Í lokin er rætt um sannleiksgildi fullyrðingarinnar „allir eiga“.

2. Að hjálpast að

Tilgangur þessa viðfangsefnis er að ræða hvernig hægt er að hjálpast að heima. Þannig er leitast við að fá börnin til að líta á það sem sjálfsgöðan hlut að heimilisfólk hjálpist að hver eftir sinni getu. Þó þarf að taka tillit til aldurs barnanna þegar rætt er um ábyrgð og skyldur.

Foreldrar og börn ræða

Börnin eru beðin um að huga að því hvað þau geta gert heima. Börnin og foreldrar ræða svo þessi atriði saman.

Í sögunni á bls. 5 í nemendabók er vikið að viðkvæmu máli þar sem koma fram skiptar skoðanir á því hvenær vel er að verki staðið. Í sögunni finnst barninu það hafa gert sitt besta við að taka til í herbergi sínu en móðirin er ekki ánægð. Hér þekkjá eflaust margir foreldrar sjálfa sig. **Tilgangur** sögunnar er að hvetja börn og foreldra til að setja sig hvert í annars spor í atvikum sem þessum og finna heppilega lausn.

Ljóðið eftir Sig. Júl. Jóhannesson á bls. 5 er lýsing barns á samskiptum við móður.

Loks er hér vikið að þeirri kröfu barna að fá laun fyrir ýmis viðvik heima fyrir. Sagan „Skuldin mikla“ á bls. 6–7 í nemendabók á að vekja athygli á þessu. Sagan er úr gamalli lestrarbók og á ekki síður við í dag en hér á árum áður, þar sem margir foreldrar kvarta yfir tilætlunarsemi barna sinna í þessu efni. Sagan gefur tilefni til umhugsunar og umræðu um margar hliðar málsins. T.d. er spurningin ekki eingöngu sú hvort Siggi hafi verið sanngjarn heldur og hvort mamma hafi verið sanngjörn. Í þessu samhengi er mikilvægt að ræða hvort það sé ekki ýmislegt annað en beinhardir peningar sem gerir okkur „rík“ í samskiptum okkar (sbr. það að mamma segist ekki hafa fengið neitt fyrir að ala drenginn sinn upp, Siggi leggur fram reikning fyrir það að hafa verið hlýðinn og góður drengur).





Foreldrar og börn ræða – Kennari og börn ræða

Sagan „Skuldin mikla“ á bls. 6–7 í nemendabók er lesin og efni hennar rætt m.a. með hliðsjón af spurningum sem fylgja.

3. Að kunna að meta

Tilgangur þessa viðfangsefnis er að fá börn og foreldra þeirra til að huga að jákvæðum þáttum hvert í annars fari. Ljóst er að mikilvægt er fyrir alla að fá að heyra um kosti sína. Við það styrkist jákvæð sjálfsmynd fólks.

Foreldrar og börn ræða

Börn og foreldrar vinna saman verkefnið á bls. 5 í nemendabók.

4. Að standa við loforð

Stundum kemur fyrir að við lofum börnum okkar í hugsunarleysi einhverju sem við getum ekki staðið við. Í sögukaflanum úr bókinni *Emil og Skundi* sem er að finna á bls. 8 og 9 í nemendabókinni er því lýst þegar foreldri stendur ekki við loforð sem það gefur barni sínu í hugsunarleysi. Barnssálin er viðkvæm og drengurinn grípur til ráða sem reynast honum nánast ofviða. Sagan er áhrifamikil og lýsir vel tilfinningum þeirra feðga í þessum aðstæðum.

Tilgangurinn með viðfangsefninu er að minna á mikilvægi þess að lofa ekki upp í ermina á sér en hlusta, ræða og skýra hlutina til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Foreldrar og börn ræða

Kaflinn í nemendabókinni um Emil er lesinn með barninu. Síðan er rætt um efnið með hliðsjón af spurningunum sem fylgja. Jafnframt má athuga eigin reynslu, hvort eitthvað svipað hefur gerst hjá þeim og hvernig það leystist.

Hin hliðin á málinu, þ.e. að barn lofar foreldri einhverju en lendir í smáklípu með hvort standa eigi við loforð eða hjálpa vini, er sett fram í söguformi á bls. 10 í nemendabókinni. **Tilgangurinn** er glíma við vanda þar sem skyldur rekast á og reyna að finna heppilega lausn.

Sagan „Að standa við loforð“ er lesin, efni hennar rætt og lausn fundin. Hér gefst einnig tækifæri til að ræða eigin reynslu, hvernig barnið stendur við þau loforð sem það gefur foreldrum sínum og hvort þau loforð séu sanngjörn bæði gagnvart foreldrum og börnunum.

5. Að treysta

Traust og trúnaður milli barna og foreldra er að sjálfsögðu mikilvægur grunnur samskipta þeirra. Stundum erum við foreldrar og kennarar heldur óvarkár þegar við segjum frá ýmsu sem börnin segja okkur. Oft gerum við okkur ekki grein fyrir að við getum sagt frá einhverju sem skiptir þau miklu máli og þannig sært þau í hugsunarleysi. Sumir hafa jafnvel misst trúnað barnanna vegna þessa.

Tilgangurinn með sögunni um Birnu og mömmu hennar á bls. 11 í nemendabók er að gefa foreldrum smá ábendingu um að „aðgát skal höfð í nærveru sálar“ (Einar Benediktsson).

Foreldrar og börn ræða

Börnin og foreldrar þeirra ræða saman um sögu nemendabókar á bls. 11.

6. Að segja frá vanda

Foreldrar hafa nefnt að börnin leyni þau því oft ef eitthvað hefur komið fyrir og þeim líður illa. Börnin vilja ekki segja frá af því að þeim finnst þau vera að klega.

Tilgangurinn með sögunni á bls. 12 í nemendabók er að hvetja börnin til að vera opin við foreldra sína, treysta þeim með því að segja þeim frá þegar þeim líður illa. Þótt vandin sem við er að glíma leysist ekki alltaf við það fylgir því ávallt léttir að ræða málin.

Foreldrar og börn ræða

Börnin og foreldrar þeirra lesa saman söguna um Björn og ræða efnið:

- Um hvað er þessi saga?
- Af hverju ætli Birni hafi fundist gott að spjalla við pabba?
- Hefur eitthvað svipað og gerðist hjá Birni komið fyrir ykkur?
- Hvað gerðuð þið?
- Hvað ætli sé best að gera?



Kennari og börn ræða

Kennarinn getur hér notað tækifærið og rætt við börnin um hve mikilvægt það er að þau láti hann vita ef þeim líður illa (t.d. ef þau eru tekin fyrir) svo að hann geti aðstoðað þau. Þau verði að treysta kennaranum til að tekið sé á málinu og fundin farsæl lausn. Hér má einnig ræða muninn á því að **klaga** og **segja frá** sem getur þó stundum verið óljós. Dæmi um klögumál er að segja kennara frá atvikum úti í frímínútum, t.d. smá stríðni á milli skólafélaga sem er ekki alvarleg. Atvik sem mikilvægt er að segja kennara frá eru t.d. ef einhver er hafður útundan, einhver verður oft fyrir stríðni, börn slást af heift.

7. Að vera saman

Oftast er samvera foreldra og barna ánægjuleg og gefandi. En foreldrar eru stundum störfum hlaðnir og líttill tími aflögu til að vera með börnunum.

Í erli dagsins má þó oft finna stund til að gera eitthvað saman. Ekki þarf alltaf að hafa stórar áætlanir á þjónunum heldur má vinna saman að ýmsu heima fyrir.

Tilgangurinn með þessu viðfangsefni er að hvetja börn og foreldra til að huga að gildi notalegra samskipta heima fyrir með því að ræða um (og vonandi framkvæma) hvað megi gera saman.

Erindið á bls. 13 í nemendabók er úr ljóðinu *Fylgd* eftir Guðmund Böðvarsson. Það fjallar um notalega samverustund föður og sonar.

Foreldrar og börn ræða

Í nemendaefninu á bls. 13 eru foreldrar og börnin hvött til að setjast niður og skrá ýmsar hugmyndir um hvað þau geti gert saman og hvað hverjum og einum í fjölskyldunni finnst skemmtilegast að gera.

Á baksíðu nemendabókar er sett fram heilræði til umhugsunar.





Tilvísanir

Almennur hluti handbókar, bls. 5–16

1. Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar. Sjá þessi markmið og umfjöllun þeim tengdum á bls. 13–14.
2. Sjá t.d. Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). „Gullkista við enda regnbogans“: *Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
3. *Aðalnámskrá grunnskóla*. (2007). Sótt 30. janúar 2009 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/>.
4. Sjá nánar 11. kafla í bókinni *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar* (2007; sbr. heimild nr. 1).
5. Sjá nánar dæmi um samvinnu heimila og skóla um viðfangsefnið *Ræðum saman – heima* í 14. kafla bókarinnar *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar* (2007, sbr. heimild nr. 1).
6. Sjá t.d. í Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2006, sbr. heimild nr. 2).
7. Watson, M. S. (2003). *Learning to trust: Transforming difficult elementary classrooms through developmental discipline*. San Francisco, CA: Jossey-Bass.
8. Ladd, G. W. (2005). *Children's peer relations and social competence: A century of progress*. New Haven: Yale University Press.
9. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Fjölvar D. Rafnsson. (2002). Adolescent antisocial behavior and substance use: Longitudinal analyses. *Addictive Behaviors*, 27, 227–240.
10. Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2004). Vímuefnaneysla, sjálfsmynd og depurð ungs fólks frá 14 til 22 ára aldurs: Ýmsir forspárþættir. Veggspjald á ráðstefnunni: *Rannsóknir í félagsvísindum V*, á vegum félagsvísindadeildar, viðskipta- og hagfræðideildar og lagadeildar í Háskóla Íslands 22. okt, 2004.
11. Sjá nánar þessa umfjöllun í bókinni *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar* (2007, s. 13–14).
12. Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1990). Æskan er eins og tré. Í Heimir Pálsson, Njörður P. Njarðvík, Sigríður Th. Erlendsdóttir og Jónas Kristjánsson (ritstj.), *Yrkja, afmælisrit til heiðurs Vigdísí Finnbogadóttur forseta Íslands* (s. 190–198). Reykjavík: Iðunn.
13. Baumrind, D. (1971). Current patterns of parental authority. *Developmental Psychology Monograph*, 4, 1–103.
Baumrind, D. (1991). The influence of parenting style on adolescent competence and substance use. *Journal of Early Adolescence*, 11, 56–95.
14. Lamborn, S.D., Mounts, N.S., Steinberg, L. og Dornbusch, S.M. (1991). Patterns of competence and adjustment among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent and neglectful families. *Child Development*, 62, 1049–1065.
Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent-adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of Research on Adolescence*, 11, 1–19.
15. Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent-adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of Research on Adolescence*, 11, 1–19.
16. Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2005). „Við erum bæði mæðgin og vinir“: Uppeldishættir foreldra og samskiptaþroski unglunga. Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 121–128). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.
17. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir. (2004a). Uppeldisaðferðir foreldra og sjálfsálit ungs fólks á aldrinum 14 til 21 árs. *Uppeldi og menntun*, 13, 9–24.
18. Maccoby, E. og Martin, J. (1983). Socialization in the context of the family: Parent-child interaction. Í E.M. Hetherington (ritstj.), *Handbook of Child Psychology: Socialization, Personality, and Social Development* (bls.1–101). New York: Wiley.



19. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín L. Garðarsdóttir. (2004b). Depurð ungs fólks og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 9, 151–166.
20. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur Geir Hafsteinsson. (1998). Tóbaksreykingar ungmenna: Tengsl við uppeldishætti foreldra og reykingar foreldra og vina. *Uppeldi og menntun*, 7, 83–98.
Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson (2001). Parenting Styles and Adolescent Substance Use: A longitudinal study. *Journal of Research on Adolescence*, 11, 401–423.
21. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Blöndal. (2004). Uppeldishættir foreldra og námsárangur unglunga á samræmdum prófum við lok grunnskóla. Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 415–426). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
22. Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Blöndal. (2005). Brotthvarf frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11–23.
23. Kaflinn um andblæ heimilisins birtist í Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir (1993, s. 88–89).
Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1993). Uppeldi barna og unglunga. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstj.) *Sálfræðihandbókin* (bls. 67–105). Reykjavík: Mál og Menning.
24. Sigrún Aðalbjarnardóttir. (1990). Æskan er eins og tré. Í Heimir Pálsson, Njörður P. Njarðvík, Sigríður Th. Erlendsdóttir og Jónas Kristjánsson (ritstj.), *Yrkja, afmælisrit til heiðurs Vigdísí Finnbogadóttur forseta Íslands* (s. 190–198). Reykjavík: Iðunn. (Tilvísunin er á bls. 197).

Tilvísanir í nemendahefti

Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson. 1979. *Íslenskir málshættir*.

Reykjavík: Almenna Bókafélagið.

Guðmundur Ólafsson. (1986). *Emil og Skundi*. Reykjavík: Vaka – Helgafell.

Íslensk ljóð 1944–1953 eftir 43 höfunda. (1958). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins.

Vorblómið. Lárg. (1964). Unglingaregla I.OG.T.

Bækur þar sem m.a. er fjallað er um samskipti foreldra og barna

Bryndís Guðmundsdóttir. (2007). *Einstök mamma*. Reykjavík: Salka.

Guðmundur Ólafsson. (1986). *Emil og Skundi*. Reykjavík: Vaka – Helgafell

Guðrún Helgadóttir. (2008). *Bara gaman*. Reykjavík: Vaka – Helgafell.

Guðrún Helgadóttir. (2004). *Öðruvísi fjölskylda*. Reykjavík: Vaka – Helgafell

Guðrún Helgadóttir. (2001). *Jón Oddur og Jón Bjarni*. 6. útg. Reykjavík: Vaka – Helgafell

Guðrún Helgadóttir. (1999). *Sitji Guðs englar*. 5. útg. Reykjavík: Vaka – Helgafell.

Guðrún Helgadóttir. (1993). *Litlu greyin*. Reykjavík: Iðunn.

Iðunn Steinsdóttir. (2001–2008). Bækurnar um Snúðru og Tuðru. (11). Reykjavík: Salka.

Kristínu Helga Gunnarsdóttir. (2004–2008) Bækurnar um Fíusól. (4). Reykjavík: Mál og menning.

Lindgren, Astrid. (2007). *Emil í Kattholti*. Reykjavík: Mál og menning.

Efni eininganna

Verum vinir

1. Vandí í vináttu
2. Hvað er vinur?
3. Að eignast vin
4. Að eiga vin
5. Að ná samkomulagi við vin

Verum saman – í frímínútum

1. Leikir og reglur
2. Að leysa vanda í leik
3. Líðan barna í frímínútum
4. Að vera nýr og einmana í frímínútum
5. Að vera hafður útundan
6. Að vera strítt
7. Að fylgja sannfæringu sinni
8. Að kunna að meta hvert annað

Vinum saman – í skólastofunni

1. Hvað er hægt að gera til að öllum líði sem best í skólastofunni?
2. Samskipti bekkjarsystkina
3. Samskipti nemenda og kennara
4. Reglur
5. Hvernig getum við hjálpast að í bekknum?

Ræðum saman – heima

1. Allir mega. Allir eiga
2. Að hjálpast að
3. Að kunna að meta
4. Að standa við loforð
5. Að treysta
6. Að segja frá vanda
7. Að vera saman



Ræðum saman – heima

Handbók fyrir foreldra og kennara

© 1992, 2009 Sigrún Aðalbjarnardóttir og Árný Elíasdóttir
© Teikningar: Jón Reykdal

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 1992
 2. útgáfa á vef, ný og endurbætt 2009
- Námsgagnastofnun
Reykjavík

Börnunum, foreldrum þeirra og kennurum, sem tóku þátt í að vinna með efnið **Ræðum saman – heima** eru færðar sérstakar þakkir fyrir hlutdeild þeirra.

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun



SAMVERA – HANDBÓK FYRIR FORELDRA OG KENNARA
